

**Nr. 19-164 S 101 Einar Guðnason ÍS 303****Strandar við Gölt**

Skipaskr.nr.: 2907  
 Smíðaður: Trefjar 2015, trefjaplast  
 Útgerð: Norðureyri ehf.  
 Stærð: 21,20 bt.  
 Mesta lengd: 13,52 m Skráð lengd: 11,96 m  
 Breidd: 1,06 m Dýpt: 1,96 m  
 Vél: Doosan, 539 kW, 2015.  
 Fjöldi skipverja: 4



Einar Guðnason © Sæmundur Þórðarsson

**Gögn:**  
 Lögregluskýrslur  
 Gögn RNSA


Málið afgreitt á fundi 26. febrúar 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 13. nóvember 2019 var Einar Guðnason ÍS 303 á siglingu á Vestfjarðamiðum. Veður: SA 2-3 m/s.

Báturinn hafði verið á línuveiðum og var á leiðinni til hafnar á Suðureyri þegar hann strandaði kl. 21:58 við Gölt á stað, 66°08.664'N og 23°36.086'V. Á mynd 1 sjást ferlar Einars Guðnasonar þegar hann fór úr höfn og var á leið í land, strandstaður er merktur með ör.



Mynd 1 Siglingaferlar og strandstaður við Gölt

Tveir björgunarbátar ásamt fiskibát fóru á strandstað en gátu hvorki athafnað sig né bjargað áhöfninni vegna brims í fjörunni. Kölluð var út þyrta LHG sem bjargaði áhöfninni (*sjá mynd 2*) og var farið með hana til Ísafjarðar.



Mynd 1 Áhöfninni bjargað um borð í þyrta LHG

Eins og sjá má á mynd 3 þá eyðilagðist Einar Guðnason algjörlega við strandið og í fjörunni. Nokkrum dögum eftir strandið voru flest ummerki eftir hann horfinn.



Mynd 3 Einar Guðnason á strandstað og skemmdir

***Við rannsókn kom fram:***

- að réttindalaus skipverji var við stjórn bátsins. Hann var vanur sjómaður og hafði verið um einn mánuð á þessum bát;
- að stjórnandinn kvaðst ekki hafa beygt bátnum. Hann hafði verið búinn að vera þrjár til fjórar klst. við stjórn og hefði verið búinn að ræsa skipstjórnann;
- að samkvæmt skipstjóra voru staðnar siglingavaktir um borð og aðrir (réttindalausir) úr áhöfninni tóku heimstímið en venjan væri að hann tæki útstímið;
- að skipstjórinn kvaðst hafa verið að koma á stjórnvall þegar sjór (grunnbrot) hefði skollíð á bátnum. Hann hefði reynt að keyra bátinn upp í með því að setja hart til stjórnborða en þá hefði skrúfan tekið niðri og eyðilagst;
- að báturinn hafði lagt í veiðiferðina um hádegi daginn áður og hafði því verið u.þ.b. 34 klst. í ferðinni;
- að um borð var u.þ.b. 14 tonna afli;
- að á strandstað var inngjöf fyrir aðalvél stillt á fulla ferð áfram;
- að athygli vakti að fangalína gúmmibjörgunarbáts var ekki fest við bátinn;
- að gefin var út ákæra á hendur skipstjóranum fyrir að fela réttindalausum skipverja stjórn bátsins.

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð.